

Fundargerð skólaráðs Akurskóla

Fundur haldinn í Akurskóla Tjarnarbraut 13. desember 2019 klukkan 08:30-09:10

Mættir: Sigurbjörg Róbertsdóttir skólastjóri, Þormóður Logi Björnsson aðstoðarskólastjóri, Silja Konráðsdóttir og Elín Njálsdóttir fulltrúar kennara. Ósk Benediksdóttir fulltrúi starfsfólks. Guðrún María Þorgeirsdóttir og Þórdís Kristinsdóttir fulltrúar foreldra. Daði Þorkelsson fulltrúi grenndarsamfélagsins. Þórhildur Erna Arnardóttir fulltrúi nemanda forfallaðist, Betsý Ásta Árnadóttir og Kamilla Rós Hjaltadóttir fulltrúar nemenda.

Dagskrá:

1. Breyting á skóladagatali Akurskóla
2. Niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk
3. Drög að endurmenntunaráætlun skólaárið 2020-21
4. Drög að skóladagatali skólaárið 2020-21
5. Önnur mál

Skólastjóri setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1.mál Breyting á skóladagatali Akurskóla

Sigurbjörg skólastjóri fór yfir breytingar á skóladagatali Akurskóla sem eru tilkomnar vegna sameiginlegrar ferðar starfsmanna mánaðarmótin apríl/maí. Fundurinn gerði ekki athugasemdir og var skóladagatalið samþykkt.

2.mál Niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk

Þormóður aðstoðarskólastjóri fór yfir niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk. Skólinn er ekki að koma nógu vel út og við viljum gera betur. Við erum undir meðaltali landsins og Reykjanesbæjar, erum þó ekki lægst. Vinna við umbótaráætlun vegna prófana stendur yfir. Einnig var rætt um hvort heimanám skipti máli. Hvort skólinn hafi skoðað það hvort taka eigi upp meira heimanám. Nemendur bentu á að í 4. bekk hafi verið meira aukaefni, í 7. bekk þá voru þau bara búin og þurftu ekki að gera neitt auka.

3.mál Drög að endurmenntunaráætlun skólaárið 2020-21

Sigurbjörg skólastjóri kynnti drög að endurmenntunaráætlun næsta skólaárs sem starfsfólk skólans fær afhenta í næstu viku til að mæta kjarasamningum kennara sem gera ráð fyrir að slík áætlun liggi fyrir 1. jan. Skólaráð Akurskóla gerir ekki athugasemd við drög að endurmenntunaráætlun.

4.mál Drög að skóladagatali skólaárið 2020-21

Sigurbjörg skólastjóri fór yfir drög að skóladagatali næsta skólaárs. Ráðið var spurt hvað því finnst um það að hálfur skólinn sé með starfsdag og hinn helmingur ekki. Skólaráð Akurskóla gerir ekki athugasemdir við drög að skóladagatali 2020 – 2021. Skóladagatal verður lagt aftur fyrir skólaráð í vor.

5.mál Önnur mál.

a) Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.09.10.

Fundargerð þessa ritaði
Þormóður Logi Björnsson
Aðstoðarskólastjóri Akurskóla